

Sveinspróf í hársnyrtiiðn

Skriflegt próf

2. september 2019

Nafn

Kennitala



Heimilsfang

Sími



Netfang

1. Teiknaðu verklýsingu út frá óskum viðskiptavinar og merktu inn form, liti, gráður og örvar. (15%)

Óskir viðskiptavinar: snöggar hliðar, smá sídd í börtum, stuttur þungur toppur, stutt ofan á kolli, stutt í hvirfil og sítt að aftan.



2. Teiknaðu verklýsingu af herraklippingu þar sem öll formin koma fram og tvö af þeim tengjast ekki. Merktu inn liti, gráður, form og örvar.
(12%)



3. Teiknaðu litastjörnuna og merktu inn kalda og heita liti. (5%)

4. Hvað eru annars stigs litir samkvæmt litastjörnunni? (3%)

5. Þegar þú velur lit í hár viðskiptavinar, hvað ber að hafa í huga?
Nefnið 4 atriði. (4%)

6. Í hvaða röð fara frumlitirnir úr hárinu við aflitun? (3%)

7. Hver eru grunnformin sem notuð eru við klippingar, hvaða gráður eru notaðar við hvert form og hvað heita þau? (6%)

8. Hvaða klippiform dregur úr þyngd úr hárinu og hvaða form byggir upp þyngd? (4%)

9. Hvað ber að hafa í huga þegar klippt er í jafnsítt form? (2%)

10. Nefndu 4 atriði sem þú þarft að taka tillit til við skeggsnyrtingu? (4%)

11. Nefndu vaxtarstigin 3 og hvað er að gerast í hverju stigi fyrir sig?
(6%)

12. Hvað ákvaðar lögun hárs? (2%)

13. Hvað finnast margar aminosýrur í hárinu og hvað heitir sú mikilvægasta? (4%)

14. Hvaða tengi eru það sem verða fyrir áhrifum þegar notuð eru hitatæki á hárið til að breyta því í annað form? (4%)

15. Hvað er hönnunarlína? (2%)

16. Hvert er hlutverk festis í föstum hárlitum og hvað er aðal innihaldsefni hans? (4%)

17. Hvað gerist í hárinu þegar annarsvegar er settur permanent vökvi og hinvegar festir? Lýstu efnafræðilegu ferli frá upphafi til enda. (8%)

18. Skilgreindu pH skalann frá 0-14 og hvernig getum við nýtt okkur hann við skilning á kemískum efnum? (6%)

19. Hvað þarf hársnyrtir að hafa í huga til að byggja upp traustan viðskiptavinahóp? Nefnið 4 atriði. (4%)

20. Hvað er blettaskalli? (2%)
